

Viljayfirlýsing um samstarf

Akraneskaupstaður, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Starfsendurhæfing Vesturlands, Vinnumálastofnun Vesturlandi og Sansa veitingar ehf. undirrita viljayfirlýsingu um að kanna leiðir til samstarfs í atvinnumálum fólks með skerta starfsgetu á Akranesi.

Með viljayfirlýsingunni vilja framangreindir samstarfsaðilar kanna hvort grundvöllur er til að fara í sameiginlegt þróunarverkefni með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- að fjölga atvinnutækifærum á vinnumarkaði fyrir fólk með skerta starfsgetu á Akranesi þannig að hæfileikar einstaklinga nýtist
- að viðurkenna rétt fólks með skerta starfsgetu, til jafns við aðra, til vinnu með því að stuðla að atvinnutækifærum í vinnuumhverfi sem er án aðgreiningar
- að efla, virkja og styrka þátttöku fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði og stuðla að fjölgun starfa með þjálfun, hvatningu og stuðningi í starfi

Forsvarsmenn fyrirtækisins Sansa veitingar ehf. hafa sýnt áhuga á að fyrirtækið verði skipað starfsfólki þar sem margbreytileiki ríkir í starfsmannahópnum og virðing sé borin fyrir fjölbreytileika fólks. Forsvarsmenn fyrirtækisins vilja ráða til sín fólk með skerta starfsgetu til starfa í allt að sex stöðugildi, þar af þrjú stöðugildi fyrir fatlaða einstaklinga.

Fulltrúar samstarfsaðila munu kanna hvort hægt verði að fara í samstarf til lengri tíma með framangreind markmið að leiðarljósi og er stefnt að því að verkefnið fari í gang haustið 2019.

Akranesi, 18. maí 2018

F.h. Akraneskaupstaðar



BÆJARSTJÓRINN
AKRANESI


Sævar Freyr Páhlsson,
bæjarstjóri

F.h. Símenntunarmiðstöðvarinnar
á Vesturlandi




Hafdis Fjóra Ásgeirsdóttir
verkefnastjóri

F.h. Sansa veitingar ehf.




Þórður Már Gylfason,
framkvæmdastjóri

F.h. Vinnumálastofnunar Vesturlands



Guðrún Sigríður Gísladóttir,
forstöðumaður

F.h. Starfsendurhæfingar Vesturlands



Inga Dóra Halldórsdóttir,
stjórnarformaður